

Tæknifræðingafélag Íslands

Ársskýrsla
starfsárið 2014-2015

Ársskýrsla þessi greinir frá starfsemi Tæknifræðingafélags Íslands starfsárið 2014 -2015. Stór hluti félagsstarfsins fer fram innan fastanefnda félagsins. Margir félagsmenn sitja í fastanefndum ár eftir ár og vinna félaginu mikið gagn. Sama máli gegnir um margar nefndir sem starfa tímabundið. Frá árinu 1994 hafa ýmsar nefndir verið skipaðar í samstarfi við Verkfræðingafélag Íslands.

Kjarafélag Tæknifræðingafélags Íslands (KTFÍ), Félag stjórnenda og sjálfstætt starfandi í TFÍ (STFÍ) og landshlutadeildir, ATFÍ og NTFÍ, halda aðalfundi og leggja þar fram ársskýrslur sínar og ársreikninga.

Skýrslur nefnda og deilda sem borist höfðu þegar skýrsla þessi fór í prentun birtast hér en aðrar verða lagðar fram á aðalfundi ásamt ársskýrslunni.

Efnisyfirlit

Ávarp formanns	bls. 3
Menntunarnefnd TFÍ	bls. 4
Útgáfa	bls. 5
Samstarf heima og heiman	bls. 6
Félagsstarfið	bls. 8
Félagafjöldi og félagsgjöld.....	bls. 10
Ársreikningur félagssjóðs 2014	bls. 11
Skýrslur deilda	bls. 12
Ársskýrsla STFÍ	bls. 13
Ársskýrsla KTFÍ	bls. 14
Atburðir 2014-2015	bls. 18

Stjórn TFÍ 2014-2015

Önundur Jónasson, formaður
Helgi Páll Einarsson, varaformaður
Sigurður Rúnar Guðmundsson
Sonja Schaffelhoferová
Jens Arnljótsson
Þorleifur Magnús Magnússon, varamaður-
stjórnandi
Þór Sigurþórsson, KTFÍ
Arnlaugur Guðmundsson, varamaður
KTFÍ
Magnús Þór Karlsson, STFÍ
Ingvar Blængsson, varamaður STFÍ

Endurskoðendur

Daði Ágústsson, skoðunarmaður
Hreinn Ólafsson, skoðunarmaður
Kristinn Gestsson, löggiltur endurskoð-
andi

Starfsfólk

Árni B. Björnsson, framkv.stj.
Sigrún S. Hafstein
Þrúður G. Haraldsdóttir
Guðríður Ó. Magnúsdóttir
Ingibjörg Ósk Birgisdóttir
Ingigerður Jónsdóttir
Lydía Ósk Óskarsdóttir



Ávarp formanns

Ágætu tæknifræðingar.

Þegar litið er yfir farinn veg og liðið starfsár skoðað má með sanni segja að margt hafi verið sett í skorður eftir þreifingar meðal félagsmanna varðandi framtíðarsýn þeirra á Tæknifræðingafélag Íslands.

Stefnumótunarvinnu innan félagsins var haldið áfram á liðnu ári. Unnið var með þá málaflokka sem valdir voru í upphafi stefnumótunar 2013. Fjórir vinnuhópar skiptu á milli sín megin málefnum til umfjöllunar og greiningar. Þeir málaflokkar eru: kjaramál, kynningarmál, menntunarmál og sameiningarmál eða breytingar á skipulagi TFÍ. Gerð var viðhorfskönnun meðal félagsmanna og þeim gert kleift að taka þátt í mótun félagsins og hafa áhrif á það hvert það stefnir. Út starfi vinnuhópanna og niðurstöðum könnunarinnar voru settar fram greinargerðir. Voru niðurstöður vinnuhópanna sendar stjórn félagsins til umfjöllunar og áframhaldandi vinnslu. Stjórn félagsins hefur fjallað um málefnið og sent þau til áframhaldandi vinnslu innan þeirra deilda félagsins sem við á.

Vil ég þakka öllum þeim sem gáfu sér tíma til að taka þátt í viðhorfskönnuninni. Einnig þeim sem þátt hafa tekið í stefnumótunarvinnu félagsins fyrir mikið og gott starf.

Eini málaflokkurinn sem ekki náðist að koma á laggirnar í stefnumótunarvinnu félagsins var kynningarmál. Kynningarmál eru einn mikilvægasti hlekkur félagsins, þar sem mikilvægt er að halda félaginu sýnilegu og kynna tæknifræði út á við. Því hefur

stjórn félagsins tekið þann málaflokk í sínar hendur og mun hann verða tekinn til ítarlegrar skoðunar og hafður í öndvegi á komandi starfsári.

Stjórn TFÍ hefur fundað á tveggja vikna fresti og hafa ýmis verkefni komið inn á borð stjórnarinnar. Má nefna að unnið hefur verið að endurbótum á inntökureglum félagsins meðal annars með ítarlegri skilgreiningum varðandi starfsheitið, reglulegar kynningar eru í skólum, veittar viðurkenningar fyrir á framúrskarandi og áhugaverð lokaverkefni í Háskóla Reykjavíkur og Keili, samstarf er við systurfélögin á Norðurlöndunum, nýtt félagakerfi var tekið í notkun og er þá fátt eitt er talið.

Gaman hefur verið að fylgjast með umfjöllun fjölmiðla á liðnu ári þar sem fjallað hefur verið um nýsköpunarverkefni og störf nokkurra nýútskrifaðra tæknifræðinga. Vil ég nota tækifærið og minna á mikilvægi virks styrkjakerfis til nýsköpunar og þróunar.

Að lokum er ekki úr vegi að nefna að velgengni og þrautseigja tæknifræðinga sem unnið hafa gott starf og náð árangri í nýsköpun og þróun lausna, sýnir glögggt hversu gott starf unnið er í skólum landsins og hversu mikilvæg tæknifræðin er í uppbyggingu atvinnulífs landsins.

Eitt af megin markmiðum Tæknifræðingafélag Íslands er að stuðla að aukinni tæknivæðingu á Íslandi og efla skilning á starfi tæknifræðinga. Því er ekki úr vegi að minna

félagsmenn á að án þeirra væri ekkert félag. Hvet ég tæknifræðinga til að vera stolta af störfum sínum og kynna þau í hvert sinn sem tækifæri gefst fyrir ungum sem öldnum.

Áframhaldandi tæknivæðing innan lands og utan er meðal þeirra fjölmörgu verkefna sem bíða tæknifræðinga framtíðarinnar.

Góðar stundir.

Önundur Jónasson, formaður TFÍ.

Menntunarnefnd TFÍ

Menntunarnefnd TFÍ var skipuð eftirtöldum á starfsárinu:

Bergþór Þormóðsson, formaður
 Jóhannes Benediktsson
 Freyr Jóhannesson
 Haraldur Baldursson
 Nicolai Jónasson
 Öundur Jónasson
 Einar H. Jónsson
 Páll Á Jónsson

Fundir Menntunarnefndar TFÍ eru haldnir að jafnaði einu sinni í mánuði. Nefndin hélt níu fundi á starfsárinu. Á öllum fundum nefndarinnar var fjallað um umsóknir um inngöngu í TFÍ, leyfi til nota starfsheitið tæknifræðingur eða endurinnkomu í félagið. Af 82 umsóknum voru 60 tæknifræðingar samþykktir sem fullgildir félagar í TFÍ.

Verkefni MTFÍ

Menntunarnefnd TFÍ veitir umsögn til iðnaðarráðherra varðandi umsóknir um starfsheitisleyfi tæknifræðinga og inngöngu í félagið. Auk afgreiðslu á umsóknum er á fundum nefndarinnar fjallað um menntunarmál tæknifræðinga. Má þar nefna inntökuskilyrði, námslengd, samsetningu námsins og atvinnumöguleika að námi loknu. Nefndin fylgist vel með þeim breytingum sem verða á námsframboði í skólunum. Eitt meginhlutverk MTFÍ er að aðgæta vel að undirstöðugreinum tæknifræðinnar þannig að ekki verði dregið úr námskröfum.

Samstarf HR og TFÍ

Fulltrúar Menntunarnefndar og stjórnar TFÍ áttu fundi á með forsvarsmönnum Háskólans í Reykjavík þar sem farið var yfir samsetningu tæknifræðinámsins, ýmsa þætti er varða námið, stefnu nefndarinnar og framtíðarsýn skólans.

Keilir á Ásbrú

MTFÍ hefur fylgst vel með þróun tæknifræðinámsins hjá Keili. Stjórn TFÍ og fulltrúar MTFÍ heimsóttu skólann og áttu fund með forvarsmönnum námsins þar sem námið var kynnt og framtíðaráform hvað það varðar. Á árinu 2013 náðist mikilvægur áfangi því tæknifræðinámið á vettvangi Keilis á Ásbrú er nú hluti af kennsluskrá Háskóla Íslands. Námið er faglína undir Verkfræði- og náttúruvísindasviði skólans.

Kröfur vegna starfsheitis

Á starfsárinu var töluverð vinna lögð í að fara yfir kröfur vegna starfsheitisins; m.a. samsetningu námsins og fjölda eininga. Fundað var með fulltrúum ráðuneytis í nóvember 2014. Fyrir hönd TFÍ mættu Öundur Jónasson, formaður félagsins, Bergþór Þormóðsson, formaður MTFÍ og Árni B. Björnsson, framkvæmdastjóri TFÍ. Ráðuneytið óskaði eftir fundinum til fá frekari skýringar á reglum og verkferlum vegna starfsheitis vegna úttekta gagnvart öllum lögvernduðum starfsheitum. Ráðuneytið óskaði eftir greinargerð frá félaginu um nauðsyn starfsheitisins og kröfur vegna þess og hefur henni verið skilað.

Tegund umsókna	2014-2015	2013-2014	2012-2013
Innganga og starfsheiti	46	64	47
Endurinnnganga	14	6	7
Starfsheiti	7	30	27
Ungfélagaaðild	11	37	20
Hafnað, ekki talið upp áður	4	7	3
Heildarfjöldi umsókna	82	144	104



Útgáfumál

Á haustmánuðum 2012 voru útgáfumál TFÍ og VFÍ tekin til gagngerrar endurskoðunar. Um langt árabíl gáfu félögin út félagsblaðið Verktækni og Árbók. Ákveðið var að hætta útgáfu Árbókarinnar og finna leiðir til að efla útgáfu ritrýndra greina, tæknigreina og annars faglegs efnis. Í september 2013 kom út fyrsta tölublað Verktækni – tímarit VFÍ/TFÍ. Í blaðinu eru birtar ritrýndar vísindagreinar auk almennra tækni- og vísindagreina.

Rafræn útgáfa

Möguleikar á rafrænni útgáfu hafa stóruaukið og hefur meðal annars verið rætt að færa útgáfu félaganna alfarið yfir á rafrænt form og koma upp öflugum greinabanka á netinu með faglegu efni. Möguleikar hvað það varðar verða áfram til skoðunar.

Verktækni – vefrit kom fyrst út í febrúar 2014. Aukinn kostnaður við póstdreifingu og staðan á auglýsingamarkaði kallaði á slíkar breytingar. Í vefritinu er miðlað upplýsingum til félagsmanna um hvað eina sem varðar starfsemi félaganna. Einnig eru birtar styttri greinar um faglegt efni.

timarit.is

Á árinu 2012 var gerður samningur við timarit.is um að allt útgefið efni félaganna verði aðgengilegt á rafrænu formi. Ávinningurinn af því að setja efnið inn á

timarit.is er meðal annars sá að varðveisla á gögnunum er tryggð, miðlun um allar upplýsingaveitur, textaleit og tengingar við aðrar leitarvélir.

tfi.is

Á vef TFÍ er miðlað fréttum af starfi félagsins og í kjarahluta er miðlað upplýsingum um launatengda hagsmuni. Vefur tfi.is var settur í loftið 2008, árið 2011 voru gerðar þær breytingar að sett var upp sérstakt svæði fyrir kjaramálin. Kom það til fyrst og fremst vegna sameiningar Stéttarfélags verkfræðinga og Verkfræðingafélags Íslands en vefir TFÍ og VFÍ eru með sama útlit og að langstærstum hluta sama efni.

Óhætt er að segja að vefir félaganna hafi dugað vel en eru barn síns tíma hvað varðar útlit og niðurröðun á innihaldi. Framundan er endurnýjun á vefjunum þar sem meðal annars verður gert ráð fyrir „Mínun síðum“ fyrir félagsmenn þar sem þeir geta fylgst með réttindum í sjóðum o.fl.

Notkun á snjallsímum og spjaldtölvum hefur gjörbreytt allri upplýsingamiðlun. Af þessu verður að taka mið þegar stefnan er mörkuð í útgáfu- og vefmálum félaganna.

TFÍ er á Facebook, slóðin er: facebook.com/tfi.1960.

Endurmenntunar- og símenntunarnefnd

Endurmenntunar- og símenntunarnefnd (ENSÍM) starfar að endurmenntunarmálum TFÍ og VFÍ. Á starfsárinu voru sem fyrr haldnir fundir með starfsmönnum Endurmenntunar Háskóla Íslands um leiðir til að auka framboð af námskeiðum fyrir tæknifræðinga og verkfræðinga.

Félögin hafa frá upphafi verið aðilar að Endurmenntun HÍ og eru því heiðurs-samstarfsaðilar. Í septembermánuði 2009 var skrifað undir formlegan samstarfssamning við Endurmenntun HÍ. Markmið samningsins er að auka framboð á námskeiðum, vinna saman að kynningu þeirra og efla tengsl skrifstofu félaganna við Endurmenntun HÍ. Þá hefur Endurmenntun boðið félagsmönnum valin námskeið á sérstökum afsláttarkjörum.

Unnið er að því að auka framboð af námskeiðum og eru meðal annars niðurstöður fræðslukannana hafðar til hliðsjónar. Það er vilji félaganna að auka framboð af námskeiðum á landbyggðinni og er unnið að því í samstarfi við Endurmenntun HÍ.



Samstarf heima og heiman

Samstarf við Verkfræðingafélag Íslands

TFÍ og VFÍ hafa rekið sameiginlega skrifstofu í 21 ár. Starfsemin skiptist í þrjú svið: Kjarasvið, útgáfu- og kynningarsvið og fag- og fjármálasvið. Þrúður G. Haraldsdóttir er sviðsstjóri kjaramála, Sigrún S. Hafstein er sviðsstjóri útgáfu- og kynningarmála og Árni B. Björnsson er yfir fag- og fjármálasviði og er hann jafnframt framkvæmdastjóri félaganna.

Samstarf við HR og Keili

Tæknifræðingafélag Íslands leggur mikla áherslu á gott samstarf við

Tækni- og verkfræðideild Háskólans í Reykjavík og Keili. Samstarfið við skólana er afar mikilvægt því eitt af meginmarkmiðum félagsins er að standa vörð um starfsheitið og tryggja gæði náms í tæknifræði hér á landi. Kynningarfundir og vísindarferðir fyrir tæknifræðinema eru fastur liður. Einnig fara formaður og framkvæmdastjóri til Danmerkur til að kynna nemendum í tæknifræði félagið og ræða við þá um námið og atvinnumöguleika að því loknu

TFÍ veitir viðurkenningar fyrir vel unnin lokaverkefni í tæknifræði og STFÍ hefur boðið nýtskrifuðum tæknifræðingum að kynna verkefni á hádegisfundum.

Norðurlandasamstarf Nording

Nording er samstarfsvettvangur norrænna félaga verkfræðinga og tæknifræðinga. Einnig hefur félagið í Eistlandi fulla aðild að Nording. Aðalfundur er haldinn einu sinni á

ári og á hann mæta formenn og framkvæmdastjórar félaganna.

Tólf félög eiga aðild að Nording og eru félagsmenn þeirra samtals um 400 þúsund. Meðal verkefna Nording er samræming á stefnu félaganna í Evrópusamstarfi og að koma fram fyrir hönd félaganna gagnvart Evrópusambandinu og stofnunum þess.

Á aðalfundum Nording bera forsvarsmenn félaganna saman bækur sínar um stöðu mála á vinnumarkaði og helstu verkefni hvers félags.

Á vef Nording er að finna ýmsar upplýsingar um starfsemina. Slóðin er: www.nording.org

ANE

ANE (Association of Nordic Engineers) er samstarfsvettvangur sem var settur á laggirnar árið 2007 af félögum verkfræðinga og tæknifræðinga í Danmörku, Svíþjóð og öðru af tveimur félögum í Noregi. Þrjú félög eiga aðild að ANE: Sveriges Ingenjörer, IDA og NITO. Hlutverk ANE er að gæta hagsmuna norrænna verkfræðinga og tæknifræðinga í alþjóðlegu samhengi, ekki síst í samskiptum við Evrópusambandið. Á vef ANE, www.nordicengineers.org eru greinar- góðar upplýsingar um starfsemina.

Gestaaðild

Í gildi er samkomulag norrænna félaga tæknifræðinga og verkfræðinga um gesta- aðild. Samkomulagið geta þeir félagsmenn nýtt sér sem starfa í norrænu landi utan heimalands síns. Það nær til níu norrænna



félaga tæknifræðinga og verkfræðinga auk íslensku félaganna TFÍ og VFÍ.

Gestafélagi hefur sama rétt í norrænum félögum tæknifræðinga og verkfræðinga og almennir félagsmenn en hefur ekki atkvæðis- og kjörgengisrétt. Þá er lögfræðikostnaður ekki innifalinn í gestaaðild og verður því aðeins greiddur að móðurfélag samþykki greiðsluna. Samkomulagið nær heldur ekki til atvinnuleysisbóta.

Hægt er að vera gestafélagi í mesta lagi í sex ár. Gestaaðild fellur niður ef viðkomandi félagsmaður segir sig úr heimafélaginu (TFÍ eða VFÍ) eða hættir störfum í viðkomandi landi. Samkomulagið gildir ekki um málefni nema (ungfélaga), eftirlaunabega eða félagsmanna sem af öðrum orsökum eru ekki fullgildir félagsmenn. Gestaaðildin er gjaldfrí fyrir félagsmenn að því tilskyldu að félagsaðildin í heimafélaginu sé í gildi og félagsgjöld í skilum.

Ungfélagadeild stofnuð

Ungfélagadeild TFÍ er tveggja ára. Deildin var stofnuð með það að markmiði að treysta tengsl félagsins við skólana, auka samskipti við nemendur í tæknifræði og mynda tengsl milli nemenda í skólunum. Stjórn UTFÍ skipa tveir fulltrúar frá hvorum skóla, Háskólanum í Reykjavík og Keili. Þeir skiptast á að sitja stjórnarfundum TFÍ þar sem þeir hafa áheyrnar- og tillögurétt.

Framadagur

TFÍ og VFÍ tóku þátt í Framadögum háskólanna. Það er mjög mikilvægt að hafa sterk tengsl við skólana og margir höfðu áhuga á að ræða við fulltrúa félaganna um ýmislegt sem varðar námið og hvað tekur við þegar út á vinnumarkaðinn er komið.

Viðurkenningar TFÍ fyrir lokaverkefni

Á Tæknidegi HR, sem haldinn var 16. maí, voru afhentar viðurkenningar TFÍ fyrir framúrskarandi lokaverkefni. Helgi Páll Einarsson, varaformaður TFÍ, afhenti viðurkenningarnar. Útskrift var frá Keili 20. júní. Við það tækifæri flutti Önnundur Jónasson, formaður TFÍ ávarp og veitti viðurkenningu fyrir áhugavert og vel unnið verkefni.





Fræðandi og skemmtilegt félagsstarf

Íslandsnefnd FEANI

Verkfræðingafélag Íslands og Tæknifræðingafélag Íslands eru aðilar að FEANI, Evrópusamtökum félaga verkfræðinga og tæknifræðinga. Í hverju aðildarlandi starfa landsnefndir og standa VFÍ og TFÍ sameiginlega að Íslandsnefnd FEANI. Félögin skiptast á um að hafa formennsku í nefndinni á tveggja ára fresti, og hefur fulltrúi VFÍ, Steindór Guðmundsson, gegnt formennsku í nefndinni síðastliðin tvö starfsár, þannig að fulltrúi TFÍ tekur nú við næstu tvö starfsár.

Aðalfundur FEANI er haldinn í september/október á hverju ári í einhverju aðildarlandanna, sem nú eru 32 talsins, eftir að nýtt aðildarland (Úkraína) var samþykkt á ársfundinum 2014, en Ungverjaland var á móti fellt út sem fullgildur meðlimur. Þeim var þó veitt aukaaðild þar til þeir hafa aftur efni á því að borga árgjaldið. Auk þess eru tvö önnur lönd með aukaaðild. Félagsmenn aðildarfélaganna teljast vera um 3,5 milljónir. Íslandsnefndin hefur lagt áherslu á að senda fulltrúa á aðalfundinn á hverju ári, og er það að jafnaði formaður nefndarinnar sem hann sækir, nú var það Steindór Guðmundsson.

Ársfundur FEANI 2014

Ársfundur FEANI 2014 var haldinn 8.-10. október í Gdansk í Póllandi. Þátttakendur frá flestum aðildarþjóðunum sóttu fundinn, en sex þjóðir sendu þó ekki fulltrúa og fimm þjóðir höfðu ekki atkvæðisrétt vegna vangaldins árgjalds. Sjálfur aðalfundurinn var haldinn 10. október, en 8.-9. október var

ráðstefna í nafni FEANI við Tækniháskólann í Gdansk um menntunarmál: „Education of Engineers – Key Task for the Successful European Future“. Fundur landsnefndanna: „National Members Forum“ var haldinn 9. október að lokinni ráðstefnunni. Áður en sá fundur byrjaði voru sérstakir fundir þriggja svæðishluta innan FEANI til að fara

1 hlutur	Belgía	2 hlutir	Austurríki
	Búlgaría		Frakkland
	Eistland		Írland
	Ísland		Pólland
	Króaía		Tékkland
	Kýpur	3 hlutir	Grikkland
	Lúxemborg		Holland
	Makedónía		Rússland
	Malta	4 hlutir	Danmörk
	Rúmenía		Noregur
	Serbía		Portúgal
	Slóvakía	5 hlutir	Sviss
	Slóvenía		Svíþjóð
	Úkraína	6 hlutir	Finnland
	7 hlutir		Spánn
Auka-aðild	Aserbaidsjan	10 hlutir	Ítalía
	Kasakstan	11 hlutir	Bretland
	Ungverjaland		Þýskaland

Þátttakendur í FEANI og fjöldi hluta.

yfir og samræma sjónarmið. Ísland var boðað til fundar hjá FEANI –North, en þar eru Norðurlöndin, Eistland, Bretland, Írland og Rússland. Á fundinn mættu fulltrúar

Norðurlandanna og Bretlands, en Rússar, Eistar og Írar sendu ekki fulltrúa til Gdansk.

Aðalfundurinn

Forseti FEANI, Dr. R. Fernandez-Aller frá Spáni, flutti skýrslu stjórnar, þar sem m.a. kom fram að fjárhagur FEANI er áfram í nokkuð góðu lagi. Það hefur þó sett strik í reikninginn að fimm þjóðir hafa átt í erfiðleikum með að borga. Samtals voru skráðir hlutir í FEANI 100 við lok ársfundarinnar og skiptust þeir á aðildarlöndin 33 nokkurn veginn eftir fjölda verkfræðinga og tæknifræðinga í hverju landi, en sumar þjóðir hafa þó borgað fyrir fleiri hluti en slíkt hlutfall gefur, og aðrar þjóðir borga fyrir færri hluti en þær ættu að gera.

Minnstu þjóðirnar hafa einn hlut, en fram að ársfundinum 2013 fengu sumar þeirra afslátt af árgjaldi miðað við efnahag og fjölda verkfræðinga og tæknifræðinga. Þessi afsláttur var afnuminn á ársfundinum 2013 þrátt fyrir mótmæli minnstu þjóðanna. 2014 var aðlögunarár, þar sem gjaldið var hækkað upp í hálfan hlut, og 2015 upp í 75% en eftir það verður borgað fullt verð fyrir hvern hlut. Fyrir Ísland þýðir það að okkar árgjald fer úr ca. 1.600 EUR árið 2013 upp í u.þ.b. 4.300 EUR.

Stærstu þjóðirnar hafa haft 10-11 hluti í FEANI, en Frakkar stefna að því að fara upp í 5 hluti 2015. Rússar byrjuðu með 10 hluti, en hafa lækkað sig í 3 hluti, en báðar þessi þjóðir ættu að vera með 10 hluti. Frakkar hafa borgað málamyndaárgjald í nokkur ár (án réttinda).



Í skýrslu stjórnar var ennfremur farið yfir nokkur helstu verkefni sem verið hafa í gangi hjá FEANI undarfarin ár, en þar á meðal er nýtt gæðamatskerfi fyrir háskóla og tækniháskóla sem kenna verkfræði og tæknifræði: „ENAAE / EUR-ACE accreditation“. Sífellt fleiri námsbrautir hafa fengið þessa nýju vottun, og hafa þær verið teknar upp í FEANI-INDEX ásamt öðrum viðurkenndum námsbrautum. Flestar af þessum nýju námsbrautum eru við skóla sem ekki hafa áður verið vottaðir, m.a. í Rússlandi, en Írar hafa t.d. keyrt sitt skólakerfi í gegn um þessa nýju gæðavottun. Ástralía og Kúvæt hafa tekið upp þetta gæðamatskerfi og áhugi er fyrir því í Úkraínu.

Annað verkefni er svokallað Engineer Card (ENGCARD). Þetta er skírteini sem á meðal annars að auðvelda fólki að flytja sig milli landa og fá vinnu í Evrópulöndum utan heimalandsins. Þetta verkefni hefur verið á döfinni í nokkur ár, og m.a. fengið styrk frá ESB til að prufukeyra verkefnið sem hugsanlega fyrirmynd fyrir aðrar starfsstéttir. Upphaflega voru aðeins þrjár þjóðir þátttakendur í verkefninu, Þýskaland, Holland og Tékkland, en á fundinum kom fram að nú væru 11 þjóðir þátttakendur. Norðurlöndin hyggjast bíða í bili og nýta sér reynslu þessara fyrstu þjóða, og höfum við fylgt þeim í þessu.

Í lok fundarins voru greidd atkvæði um inngöngu Úkraínu í FEANI, sem var samþykkt. Þar með eru aðildarþjóðirnar 32, auk þriggja sem eru með aukaaðild, en ein þeirra (Ungverjar) verður fullgildur meðlimur aftur þegar fjárhagar þeirra batnar.

Í stjórnarkjöri var kjörinn nýr forseti, sem er Prof. Dr. José Manuel Pereira Vieira frá Portúgal. Varforseti var kjörinn Ralph Appel frá Þýskalandi.

Ulf Bengtsson frá Svíþjóð situr áfram í stjórninni sem gjaldkeri og Trond Markussen frá Noregi var endurkosinn meðstjórnandi. Kosnir voru fimm meðstjórnendur, en sjö gáfu kost á sér.

Næsti aðalfundur FEANI verður haldinn 7.-9. október 2015 í Lissabon í Portúgal, en Svíar hafa boðið Malmö fram 2016 og Norðmenn hafa boðið Ósló fram 2017. Til tals hefur komið hjá Íslandsdeild FEANI að bjóða Reykjavík fram árið 2018, en ekkert hefur þó verið ákveðið enn.

*F.h. Íslandsnefndar FEANI
Steindór Guðmundsson, formaður.*

Fundir og ráðstefnur

Fjöldi funda og skoðunarferða voru haldnar á vegum félagsins á starfsárinu og listinn á bls. 18 og 19 er til vitnis um öflugt og fjölbreytt starf. Samlokufundir áttu sinn fasta stað í félagsstarfinu og voru vel sóttir. Tilraunir með útsendingar/upptökur af fundunum hafa gengið vel og má finna þær á vefslóðinni: <http://www.ustream.tv/channel/verktækni>

Rýnisferðir

Allt frá árinu 1998 hefur Tæknifræðingafélag Íslands skipulagt námsferðir á erlenda grund fyrir tæknifræðinga og verkfræðinga. Ferðirnar, sem ganga undir nafninu Rýnisferðir, hafa frá upphafi verið afar vin-

sælar og oft hafa færri komist að en viljað. Samtals hafa nærri 900 þátttakendur tekið þátt í ferðunum. Á árinu 2014 var farið til Toronto í Kanada. Sem fyrr var áhugi mikill og fljótt uppselt í ferðina.

Viðhorfskönnun

Í tengslum við stefnumótunarvinnu stjórnar TFÍ var gerð viðhorfskönnun meðal félagsmanna. Í kaflanum þar sem niðurstöður könnunarinnar eru dregnar saman segir meðal annars. „Afráttarlaus og jákvæð viðhorf eru hjá félagsmönnum TFÍ til núverandi starfsemi félagsins, samstarfsins við VFÍ og þeirrar þjónustu sem þeir fá á skrifstofu félagsins.“

Ekki er áhugi á því hjá félagsmönnum TFÍ að draga úr eða auka kröfur til náms í tæknifræði. En hins vegar er afráttarlaus vilji félagsmanna til þess að til verði meistaranám M.Sc. gráða sem byggir á hagnýtum þáttum tæknifræðinnar.“


Þátttaka í OCEANA

Í febrúar 2015 var skrifað undir samning um þátttöku TFÍ og VFÍ í OCEANA sem er öndvegissetur um sjálfbæra nýtingu og vernd hafnsins. Samningurinn var undirritaður að loknum Samlokufundi þar sem Jón Ágúst Þorsteinsson kynnti OCEANA.




Félagafjöldi og félagsgjöld

Félagsgjöld miðað við launavísitölu í janúar 2015



Fjöldi félagsmanna TFÍ í ársbyrjun 1999-2015



Félagsgjöld

Á línuritinu má sjá félagsgjöldin miðað við launavísitölu í janúar 2015. Í upphafi ársins 1996 hefðu félagsgjöldin verið rúmlega 68 þúsund krónur miðað við launavísitöluna í janúar 2015.

Félagafjöldinn

Stöðugt er unnið að því að fá fleiri tækni-fræðinga til að ganga til liðs við félagið. Á árinu 2013 var gert átak í að laða ungfélaga að TFÍ og stofnun Ungfélagadeildar TFÍ það ár reyndist heillaskref. Hér á síðunni er graf sem sýnir þróun félagafjöldans frá árinu 1999 til 2015.

Nú eru félagsmenn 1248 (1203) þar af 74 (81) ungfélagar. Í sviganum eru tölurnar fyrir síðasta ár.

Kolbeinn er heiðursfélagi TFÍ

Á aðalfundi TFÍ 2014 var Kolbeinn Gíslason, rafmagnstækni-fræðingur gerður að heiðursfélagi. Heiðursfélagi Tækni-fræðingafélags Íslands er sæmdarheiti, sem aðeins hlotnast þeim einstaklingum sem unnið hafa sérlega mikilsverð störf á sviði félagsmála TFÍ eða í þágu þjóðfélagsins. Kolbeinn hefur unnið ötulllega að menntunarmálum og sýnt eljusemi og dugnað við að kynna nám í tækni-fræði. Aðeins hafa níu tækni-fræðingar hlotið þessa viðurkönningu í 54 ára sögu félagsins.

Ársreikningur félagssjóðs 2014

Áritun endurskoðenda

Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings fyrir Tæknifræðingafélag Íslands, vegna ársins 2014. Ársreikningurinn hefur að geyma áritun stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og sundurliðanir nr. 1-15.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við viðurkenndar aðferðir á Íslandi við gerð óendurskoðaðra ársreikninga með það að markmiði að aðstoða stjórn Tæknifræðingafélags Íslands við að leggja fram ársreikning sem er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju á Íslandi. Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins og öðrum upplýsingum. Við höfum tekið ákveðna liði ársreikningsins til sérstakrar skoðunar og yfirfarið framsetningu hans í heild.

Við höfum ekki endurskoðað ársreikninginn og þar af leiðandi ekki sannreynt grundvöll hans að öðru leyti en að framan segir.

Framsetning ársreikningsins er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju á Íslandi og allar upplýsingar sem okkur eru kunnar og skipta máli koma þar fram.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam rekstrarhagnaður ársins rúmum 870 þkr., en rekstrartekjur námu tæpum 21.4 mkr. Heildareignir í lok ársins samkvæmt efnahagsreikningi námu tæpum 33.0 mkr. en heildarskuldir tæpum 23,7 mkr. á sama tíma. Eigið fé var því jákvætt um tæpar 9.3 mkr. Veltufjármunir í árslok voru tæpum 9,3 mkr hærri en skammtímaskuldir.

Reykjavík, 22. mars 2015.
Kristinn Gestsson,
löggitur endurskoðandi.

Rekstrarreikningur félagssjóðs TFÍ 2014

	2014	2013
<i>Rekstrartekjur</i>		
Félagsgjöld	21.400	19.969
Aðrar tekjur	0	0
Rekstrartekjur alls	21.400	19.969
<i>Rekstrargjöld</i>		
Einstök verkefni	11.104	11.076
Sérgreindur skrifstofukostnaður	1.574	1.407
Rekstrargjöld alls	12.678	12.483
Hagnaður/tap af aðalstarfsemi	8.722	7.486
<i>Aðrar tekjur og gjöld</i>		
Árbók og Verktækni	-2.292	-2.246
Félagakerfi, húsbúnaður og fjarfundabúnaður	-2.293	-3.088
Fundir, ráðstefnur, tæknidagar og kynningarstarf	-1.076	-951
Innlent og erlent samstarf	-2.236	-1.634
Annað	13	-898
Aðrar tekjur og gjöld alls	7.884	8.817
Hagnaður/tap án vaxtatekna og -gjalda	838	-1.331
Fjármagnstekjur og fjármagnsgjöld	32	413
Tekjur umfram (gjöld) á árinu	870	-918

Efnahagsreikningur félagssjóðs TFÍ 31.12.2014

	2014	2013		2014	2013
<i>Eignir</i>			<i>Skuldir og eigið fé</i>		
Fastafjármunir	0	0	Eigið fé		
Veltufjármunir			Óráðstafað eigið fé	9.285	8.473
Skammtímakröfur	3.745	1.132	Skuldir		
Handbært fé	29.238	20.727	Skammtímaskuldir	23.698	13.386
Samtals eignir	32.983	21.859	Samtals skuldir og eigið fé	32.983	21.859

Við undirritaðir félagskjörnir endurskoðendur Tæknifræðingafélags Íslands, höfum yfirfarið ársreikning þennan. Hann er í sam-

ræmi við lög og reglur félagsins og leggjum við til að hann verði samþykktur.

Reykjavík, 24. mars 2015.
Daði Ágústsson
Hreinn Ólafsson

Skýrslur deilda

Ársskýrsla NTFÍ

Störf stjórnar

Stjórn Norðurlandsdeildar TFÍ hefur fundað nokkrum sinnum á starfsárinu. Þessir fundir hafa bæði verið haldnir með og án stjórnar NVFÍ. Stjórnarfundir snúast nær eingöngu um að skipuleggja viðburði félagsins og skipta verkum milli stjórnarmanna. Samvinna innan stjórnar hefur verið til fyrirmyndar og samstarf við NVFÍ með miklum ágætum.

Stefna stjórnar er að halda tvo til þrjá Samlokufundi á Akureyri á ári, auk þess hafa félagsmenn aðgang að Samlokufundum í Reykjavík í gegnum netið. Stefnt er að því að halda Síldarkvöld í tengslum við aðalfund og fara í haustferð. Þessi markmið hafa ekki alltaf náðst og betur má ef duga skal.

Aðalfundur

Aðalfundur NTFÍ var haldinn föstudaginn 28. mars 2014. Á dagskrá aðalfundar voru hefðbundin aðalfundarstörf. Steinar Magnússon formaður og Kristinn Magnússon ritari höfðu stólaskipti samkvæmt heiðursmannasamkomlagi þeirra á milli, að öðru leyti er stjórnin óbreytt. Gjaldkeri félagsins er Sigurður Hlöðvesson. Varamenn eru þeir Helgi Pálsson og Þorsteinn Björnsson. Endurskoðendur eru sem áður Birgir Baldursson og Heimir Gunnarsson.

Síldarkvöld

Árlegt síldarkvöld NTFÍ og NVFÍ var haldið að loknum aðalfundarstörfum. Veislustjóri var Logi Einarsson og ræðumaður kvöldsins var Sigurður Ingi Friðleifsson. Að erindi loknu var snæddur kvöldverður

Haustferð - Skagafjörður

Þann 11. október var haldið í langþráða heimsókn til starfssystkina okkar í Skagafirði. Veg og vanda að skipulagningu þessarar ferðar höfðu þeir Atli Gunnar Arnórsson hjá verkfræðistofunni Stoð og Jón Örn Berndsen, skipulags- og byggingarfulltrúi Skagafjarðar. Byrjað var á að heimsækja verkfræðistofuna Stoð þar sem starfsmenn kynntu fyrirtækið, helstu verkefni á svæðinu og tæknisamfélagið í Skagafirði almennt. Haldið var í Steinullarverksmiðjuna þar sem Einar Einarson framkvæmdastjóri fór meðal annars yfir merka sögu fyrirtækisins, næst

var haldið í Mjólkursamslag KS og skoðaður nýr og gamall tækja- og húsakostur undir leiðsögn Jóns Þ. Jóseppssonar gæðastjóra. Eftir allan þennan fróðleik þá var fólkinu brynt með eðaldrykknum Gæðingi í nokkrum útgáfum á Microbar en í leiðinni fræddi Árni Hafstað eigandi viðstadda um tilurð Gæðings Öl ehf. Því næst var farið í Sjávarleður/Gestastofu Sútarans og kynnti Sigríður Káradóttir framkvæmdastjóri vinnslu og afurðir fyrirtækisins.

Að loknum þessum skemmtilegu heimsóknum snæddu þátttakendur frábæran kvöldverð á Hótel Varmahlíð. Þátttakendur í haustferðinni voru samtals um 30 og var mökum boðið með.

Stjórn NTFÍ vill þakka félagsmönnum samstarfið á starfsárinu og stefnir að öflugra félagsstarfi á því starfsári sem framundan er.

Kristinn Magnússon, formaður.

Ársskýrsla ATFÍ

Aðalfundur

Aðalfundur Austurlandsdeildar TFÍ (ATFÍ) var haldinn miðvikudaginn 5. mars 2014, fundurinn var haldinn sameiginlega með AVFÍ. Byrjaði aðalfundurinn með sameiginlegum fundi deildanna þar sem voru tvö mjög áhugaverð erindi á dagskrá. Ársæll Þorsteinnsson, verkfræðingur hjá Mannviti kynnti CE merkingar og Gísli Einarsson, verkfræðingur hjá Vegagerðinni, kynnti framkvæmdir við nýju Norðfjarðargöngin. Eftir þessa flottu fyrirlestra voru léttar veitingar. Síðan var endað á hefðbundnum aðalfundarstörfum þar sem var farið yfir starf félagsins á liðnu starfsári. Allir stjórnarmeðlimir buðu sig fram í áframhaldandi starf á vegum félagsins og engin móttframbod komu fram. Voru því eftirtaldir kosnir í áframhaldandi stjórnarstörf, Valdimar Baldursson, Guðmundur I. Einarsson og Kristjón Sigurbergsson.

Stjórnarfundir

Á fyrsta fundi skipti stjórnin með sér verkum og er verkaskipting eftirfarandi: Valdimar Baldursson formaður, Kristjón Sigurbergsson gjaldkeri og Guðmundur I. Einarsson ritari. Skoðaðir voru ýmsir möguleikar á áhugaverðum námskeiðum fyrir félagsmenn á Austurlandi. Er þetta gert í samvinnu við skrifstofuna í Reykjavík og

Endurmenntun HÍ. Stjórnarfundir hafa allir verið haldnir sameiginlega með stjórn AVFÍ.

Námskeið

Námskeiðið „Stærðfræði í takt við tímann“ var haldið í Molanum Reyðarfirði (Austurbrú) þriðjudaginn 1. apríl kl. 15-18. Austurlandsdeildir VFÍ og TFÍ buðu upp á léttar veitingar. Námskeiðið var bæði gagnlegt og skemmtilegt og veitti innsýn og kynnti þær byltingarkenndu framfarir sem hafa orðið í allri stærðfræðivinnu með tilkomu stærðfræðiforríta.

Kennt var að nota þekkingar- og stærðfræðiforrítin Wolfram Alpha og Maple og ýmsar vefsíður kynntar sem ætlaðar eru til að leysa algeng verkefni. Innifalið í námskeiðsgjaldinu var bókin Stærðfræði í takt við tímann og einnig ný íslensk myndræn rafbók um stærðfræði á öllum skólastigum

Haustferð

Farið var í sameiginlega haustferð Austurlandsdeilda VFÍ og TFÍ þann 7. nóvember 2014 og þótti hún takast mjög vel. Byrjað var á því að skoða nýju Norðfjarðargöngin og voru félagsmenn viðstaddir þegar sprengt var í göngunum. Þaðan var haldið á Hildebrand hótél á Neskaupsstað þar sem hlýtt var á fróðlega og skemmtilega fyrirlestra. Birgir Jónsson, jarðverkfræðingur hjá Hnit fjallaði um jarðfræði í tengslum við Norðfjarðargöng og Ales Gothard, verkefnisstjóri hjá Metrostav fjallaði um framkvæmdina í Norðfjarðargöngum. Þórarinn Sveinn Arnarson, verkefnistjóri olíuleitar hjá Orkustofnun fjallaði um olíuleit við Ísland. Eftir fyrirlestrana gæddu félagsmenn sér á dýrindis veitingum á Hildebrand hótél. Stjórnir ATFÍ og AVFÍ höfðu veg og vanda af skipulagningu þessarar ferðar og vilja stjórnarmenn þakka félagsmönnum fyrir frábæra þátttöku í haustferðinni.

Lokaorð

Starfsárið 2014-2015 sem hér hefur verið gert grein fyrir hefur verið stjórnarmönnum gefandi. Samvinna innan stjórnar hefur verið til fyrirmyndar og samstarf við stjórn AVFÍ með miklum ágætum. Vill stjórn ATFÍ þakka félögum ágætt samstarf á starfsárinu og væntir enn frekari þátttöku félagsmanna á því starfsári sem framundan er og vill minna meðlimi á að félagið erum við sjálf sem að því standa.

Valdimar Baldursson, formaður.

Skýrsla stjórnar STFÍ

Aðalfundur STFÍ fyrir starfsárið 2013-2014 var haldinn þann 20. mars 2014.

Kjörnir í stjórn:

Daði Ágústsson, formaður
Magnús Þór Karlsson, meðstjórnandi (gjaldkeri)
Ingvar Blængsson, meðstjórnandi

Stjórnarfundir STFÍ

Stjórn STFÍ hélt þrjá formlega stjórnarfundir á starfsárinu sem færðir voru til bókar.

Fundir

Stjórn STFÍ stóð fyrir fjórum fyrirlesturum á starfsárinu. Allir fyrirlestrar í boði STFÍ voru ásamaformi og hinir vinsælu Samlokufundir TFÍ og VFÍ, hádegisfundir þar sem boðið er upp á létta hressingu.

Fyrsti fyrirlesturinn var haldinn fimmtudaginn 10. apríl 2014 og fjallaði um „nýjungar í ljóstækni í jarðgöngum og notkun kísils sem leiðara í hitaraftækjum“.

Fyrirlesarar voru tveir nýútskrifaðir rafmagnstæknifræðingar, þeir Bjarni Jakob Gunnarsson og Birgir Hrafn Hallgrímsson.

Fyrri fyrirlesturinn, sem Bjarni Jakob Gunnarsson flutti, fjallaði um samanburð á ljósgjöfum sem eru í jarðgöngum, þ.e.a.s. samanburð á ljósvistum (LED) og háþrýsti- og lágþrýsti ljósgjöfum. Fjallað var um kosti LED-lýsingar út frá rekstrarlegum- og hagkvæmnis sjónarmiðum í Vaðlaheiðar- og Norðfjarðargöngum. Einnig var fjallað um ljósastryringar, sjálfvirka vöktun, neyðarlýsingu og varaafli í jarðgöngum

Seinni fyrirlesturinn, sem Birgir Hrafn Hallgrímsson flutti, fjallaði um notkun kísils sem efni í smíði hitaraftækja (Thermoelectric

devices). Kísill er vel þekktur hálfleiðari og hefur frekar háan varmaleiðnistuðul. Með því að mynda nanóvíra úr kísilinum má minnka varmaleiðni hans verulega og er hann þá orðinn tilvalið efni í hitaraftækni.

Það mættu um 35 áhugasamir félagsmenn og nemendur á þessa áhugaverðu fyrirlestra hinna ungu tækni fræðinga.

Annar fyrirlesturinn var haldinn þriðjudaginn 27. maí 2014 og fjallaði um „stöðu heilbrigðiskerfisins frá sjónarhóli tæknimannsins“.

Fyrirlesari var Smári Kristinsson tækni fræðingur og framkvæmdastjóri Rafarnarins. Raförnninn ehf. er ráðgjafar og þjónustufyrirtæki á sviði myndgreiningar fyrir heilbrigðisgeirann.

Smári fjallaði um þær breytingar sem hafa átt sér stað undanfarin ár í heilbrigðiskerfinu og þá miklu tæknipróun sem hefur orðið innan þess. Einnig fjallaði hann um þróunarvinnu þá sem Raförnninn hefur unnið að síðustu ár við prófanir á lækningatækjum og myndgreiningar búnaði.

Það mættu um 27 áhugasamir félagsmenn á þennan fyrirlestur

Þriðji fyrirlesturinn var haldinn fimmtudaginn 20. nóvember 2014 í hádeginu og fjallaði um „Vaxa peningar á trjánum?“.

Fyrirlesari var Frosti Sigurjónsson rekstrarhagfræðingur, alþingismaður og frumkvöðull.

Megin inntak í fyrirlestrinum var að útskýra hvað peningar eru, hvaða hlutverki þeir gegna í nútímahagkerfi og hvaða hlutverki Seðlabanki og viðskiptabanki gegna

varðandi peningamyndun. Hann fór yfir „glæsilega“ fjármálasögu Íslands og velti fyrir sér líklegum orsökum og úrræðum til að koma í veg fyrir annað eins hrun og varð í íslensku samfélagi árið 2008.

Það mættu um 80 áhugasamir félagsmenn á þennan fyrirlestur

Fjórði fyrirlesturinn var haldinn fimmtudaginn 12. febrúar 2015 og fjallaði um sprotafyrirtækið Geosilica Island ehf.

Fyrirlesari var Fida Abu Libdeh tækni fræðingur og einn af stofnendum Geosilica. Fyrirtækið sérhæfir sig í vinnslu á hágæða jarðhitakísli í hreinlætisvörur m.a. til manneldis. Framleiðslúna fyrirtekisins er byggð á örsíunartækni (ultrafiltration) til þess að auka styrk og hreinsa jarðhitakísil í skiljuvatni Hellisheiðarvirkjunar. Fida kynnti svo í restina af fyrirlestrinum nýjustu vöru Geosilica en hún er kísilfæðubótaefni í formi sviflausnar.

Fundargestir fengu að smakka á vörunni og fóru glaðir heim af fundi.

Það mættu um 25 áhugasamir félagsmenn á þennan fyrirlestur

Öllum félagsmönnum TFÍ og VFÍ var boðin þátttaka á alla fyrirlestrana og var mæting framar væntingum.

Við hjá STFÍ erum mjög ánægðir hvernig til hefur tekist og munum halda ótrauðir áfram þessu uppbyggjandi starfi fyrir félagsmenn okkar.

Stjórnarfundir TFÍ

Magnús Þór Karlsson og Ingvar Blængsson hafa setið stjórnarfundir TFÍ til skiptis, þ.e. annað hvort skipti.

Fjárhagur STFÍ

Fjárhagur STFÍ er góður eins og fyrri ár.

Samkvæmt ársreikningi voru tekjur umfram gjöld á árinu.

Framtíð STFÍ

Stjórn STFÍ heldur áfram á svipaðri braut með fyrirlestrum og hugsanlega námskeiðum um fyrir félagsmenn.

Rekstrarreikningur STFÍ 2014

	2014	2013
<i>Rekstrartekjur</i>		
lðggjöld	666	615
Rekstrartekjur alls	666	615
<i>Rekstrargjöld</i>		
Fyrirlestra- og námskeiðskostnaður	420	118
Kostnaður vegna kjarakönnunar	41	45
Risna	61	49
Annar kostnaður	46	46
Rekstrargjöld alls	568	258
Hagnaður/tap án fjármagnstekna og -gjalda	97	357
Fjármagnstekjur og fjármagnsgjöld	62	104
Tekjur umfram (gjöld) á árinu	159	461
Óráðstafað eigið fé	2.861	2.702

Ársskýrsla KTFÍ

Í stjórn KTFÍ eru:

Pór Sigurþórsson, formaður
Jón Ísaksson Guðmann, varaformaður
Haraldur Sigursteinsson, gjaldkeri
Arnlaugur Guðmundsson
Heimir Örn Hólmarsson,
Pór Hallgrímsson
(Eva Þrastardóttir óskaði eftir að láta af stjórnarstörfum).

Varamenn í stjórn KTFÍ:

Samúel S. Hreggviðsson
Karl Jensson

Með auknum fjölda félagsmanna á almennum vinnumarkaði eykst einstaklingsbundin þjónusta á skrifstofu KTFÍ jöfnum skrefum. Þar ber hæst undirbúningur launaviðtala, yfirlestur ráðningarsamninga og lausn ágreiningsmála við vinnuveitendur. Þessi þróun er í takti við reynslu annarra kjarafélaga. Í ár voru snöggtum fleiri ágreiningsmál sem vísa þurfti til lögmanns félagsins en áður. Kostnaður við þann lið hefur aldrei verið hærri. Niðurstöður hafa oftast verið félagsmönnum í hag og er þetta bakland félagsmönnum ómetanlegt.

Fyrsta námskeiðið var haldið fyrir trúnaðarmenn sem kosnir voru árið 2014 og kom þar í ljós þörfin fyrir að halda slík námskeið oft. Enn má gera betur og þá einkum með áframhaldandi kosningu trúnaðarmanna á almenna vinnumarkaðnum. Eins þarf að kynna félagið betur í fyrirtækjum á þeim markaði.

Árið 2014 hefur verið sannkallað kjarasamningsár þar sem endurnýjaðir voru allir kjarasamningar félagsins til eins ár og stefnir hraðbyri í að árið 2015 verið annað eins ár en líkur eru á að lítil friður ríki yfir kjarasamningsgerð þessa árs. Tímabundinn starfsmaður hefur verið að störfum á kjaraviðinu til að sinna stofnanasamningum hjá ríkinu sem er hluti af miðlægum kjarasamningi eða 11. kafla hans. Samningafundir eru nú haldnir með þeim stofnunum sem hafa flesta félagsmenn.

Stjórn Kjarafélagsins hélt þrettán fundi á árinu og samkvæmt fundargerðum voru meðal annars tekin til umfjöllunar kynn-

ingarmál kjarafélagsins, hlutur kjaramála í viðhorfskönnun TFÍ og stefnumótun- arvinnu, samantekt Arnlaugs Guðmundssonar, stjórnarmanns, á efni sem var á dag-skrá NIL fundarins 2014 þar sem margt er til eftirbreytni. Starfshópur var skipaður til að stofna starfsmenntunarsjóð á almennum vinnumarkaði og enn var orlofssjóður KTFÍ til umræðu auk stöðu á innleiðingu dk fé- laga- og bókhaldskerfisins. Staða sam- ningamála hefur verið fastur liður á flestum stjórnarfundum.

Gerð kjarasamninga

Fyrsta viðfangsefni starfsársins var gerð kjarasamninga og var fyrirferðarmikið. Aðilar vinnumarkaðsins einsettu sér að ná svokölluðum „stöðugleikasáttmála í kjarasamningum“ sem hófst með skammtí- samningum til eins árs með tæplega 3% hækkun launa. Eftir samningalotur vorsins var orðið nokkuð ljóst að stöðugleikinn var ekki sem skyldi eftir verkföll ýmissa hópa launþega sem enduðu síðan með verkfalli lækna þar sem launahækkanir eru taldar vera um 30%. Órói er því mikill á vinnu- markaði og fyrir dyrum standa verkföll stétta sem samið höfðu um 2,8% launa-

hækkun í upphafi árs og sátu eftir í útdeil- ingu kjarabóta. Óljóst er hvenær samn- ingaviðræður hefjast fyrir alvöru og gætu dregist fram yfir mitt ár 2015. Enn er rætt um skammtímasamninga en tíminn einn leiðir í ljós hver niðurstaðan verður.

Á almenna vinnumarkaðnum stendur endurskoðun samninga við Samtök at- vinnulífsins en undirbúningur er hafinn vegna annarra kjarasamninga. Viðræður eru hafnar við Félag ráðgjafarverkfræðinga - FRV en þar er beðið eftir því hvað gerist í heildarkjarasamningum á almennum vinnu- markaði eins og hefðin hefur verið.

Kjaraviðræður á opinberum vinnumark- aði munu dragast fram yfir fyrirhugað verk- fall BHM stéttarfélaganna og óljóst hvenær viðræður við Reykjavíkurborg og Samtök sveitarfélaga fara af stað.

Félagsmenn í KTFÍ voru tæplega 1100 um áramótin 2014-2015.

Á almennum vinnumarkaði voru þeir um 900 en tæplega 170 á opinberum vinnumarkað.

Rekstrarreikningur KTFÍ 2014

	2014	2013
<i>Rekstrartekjur</i>		
Félagsgjöld	8.112	6.567
Rekstrartekjur alls	8.112	6.567
<i>Rekstrargjöld</i>		
Kostnaður vegna funda, samninganefnda og stjórnar	544	404
Lögfræðikostnaður	1.425	926
Kostnaður vegna kjarakönnunar	416	436
Erlend samskipti	202	123
Hlutdeild í kjarakostnaði	4.512	4.498
Reikningsleg aðstoð	124	124
Kostnaður vegna kjarabæklings	0	38
Framlag v/orlofssjóðs	1.113	781
Rekstrargjöld alls	8.336	7.330
Hagnaður/tap af aðalstarfsemi	-224	-763
Fjármagnstekjur og fjármagnsgjöld	252	469
Tekjur umfram (gjöld) á árinu	28	-294
Óráðstafað eigið fé	10.188	10.213

Almennur vinnumarkaður

Kjarasamningar á almennum vinnumarkaði eru:

Við SA – Samtök atvinnulífsins

Við FRV- Félag ráðgjafarverkfræðinga

Við RARIK

Við OR – Orkuveitu Reykjavíkur

Opinber vinnumarkaður


Kjarasamningar á opinberum vinnumarkaði eru:

Við Ríkið, Reykjavíkurborg og önnur sveitarfélög.

Lögfræðiaðstoð

Aðstoð í tengslum við túlkun kjarasamninga og stofnanasamninga hefur verið umtalsverður hluti af lögfræðiaðstoð ársins en úrlausn mála einstakra félagsmanna er þó talsverður.

Kostnaður við lögfræðipjónustu árið 2014 er hærrí en nokkurt annað ár hjá KTFÍ



Skýrsla Sjúkrasjóðs KTFÍ 2014

Stjórn sjóðsins er skipuð þeim Jóhannesi Benediktssyni formanni, Jóhanni Má Hektorssyni, Helga Baldvinsyni og Árna Þór Árnasyni varamanni.

Stjórn Sjúkrasjóðs hélt 11 fundi á síðastliðnu ári og úthlutaði 454 styrkjum til sjóðfélaga að upphæð um 29,9 millj. kr. Styrkjum fjölgaði mikið á milli ára en árið 2013 var úthlutað 363 styrkjum að upphæð rúmar 24,0 millj. kr. Þess ber að geta á árinu var sett af stað hóprannsókn til skimunar á ristilkrabbameini sjóðfélaga eldri en 50 ára og fóru 87 félagar í slíka rannsókn.

Styrkveitingar skiptust þannig:

Dagpeningar: 10 styrkir að upphæð 5,7 millj. kr.

Fæðingarorlof: 26 styrkir að upphæð 2,8 millj. kr.

Líkami og sál: 268 styrkir að upphæð 10,6 millj. kr.

Laseraðgerðir og gleraugu: 35 styrkir að upphæð 3,9 millj. kr.

Tannviðgerðir: 24 styrkir að upphæð 2,9 millj. kr.

Aðrir styrkir: 4 styrkir að fjárhæð 0,9 millj. kr.

Hóprannsókn: 87 styrkir að upphæð 3,0 millj. kr.

Rekstrarafgangur sjóðsins nam tæpum kr. 18,8 millj. kr. en innborguð iðgjöld voru rúmlega 50,7 millj. kr. Heildareignir í árslok námu rúmum 164 millj. kr.

Rekstrarreikningur Sjúkrasjóðs KTFÍ 2014

	2014	2013
<i>Rekstrartekjur</i>		
Iðgjöld	50.661	43.220
Rekstrartekjur alls	50.661	43.220
<i>Rekstrargjöld</i>		
Styrkir og hóprannsóknir	26.856	24.031
Hóplækniskostnaður	3.005	0
Umsýslukostnaður	5.066	4.322
Annar kostnaður	325	364
Rekstrargjöld alls	35.252	28.717
Hagnaður/tap af aðalstarfsemi	15.409	14.503
Fjármagnstekjur og fjármagnsgjöld	3.366	4.863
Tekjur umfram (gjöld) á árinu	18.775	19.366
Óráðstafað eigið fé	164.307	145.532

Fjölskyldu- og styrktarsjóður KTFÍ

Skýrsla Fjölskyldu- og styrktarsjóðs KTFÍ 2014

Stjórn sjóðsins er skipuð þeim Samúel Smára Hreggviðssyni, formanni, Óla Jóni Hertervig, Bjarna Bentssyni og Arnlaugi Guðmundssyni varamanni.

Stjórn Fjölskyldu- og styrktarsjóðs hélt 11 fundi á s.l. ári og úthlutaði 224 styrkjum

til félagsmanna að upphæð um 13,3 millj. kr. Heildarupphæð greiddra styrkja stóð í stað þrátt fyrir hóprannsókn á skimun fyrir ristilkrabbameini sem 48 sjóðfélagar eldri en 50 ára nýttu sér. Þetta skýrist af lægri heildargreiðslu vegna dagpeninga. Árið áður var úthlutað 196 styrkjum að upphæð 13,8 millj. kr.

Styrkveitingar skiptust þannig:


Dagpeningar: 1 styrkur að upphæð 1,1 millj. kr.

Fæðingarorlof: 3 styrkir að upphæð 0,8 millj. kr.

Líkami og sál: 133 styrkir að upphæð 4,9 millj. kr.

Laseraðgerðir og gleraugu: 23 styrkir að upphæð 1,6 millj. kr.

Tannviðgerðir: 30 styrkir að upphæð 2,8 millj. kr.



Rekstrarhalli sjóðsins nam tæpri 1,5 millj. kr. en innborguð árgjöld voru 12,0 millj. kr. Greiddir styrkir námu því um 111% af iðgjöldum 2014 en 130% á árinu 2013. Eigið fé var í árslok rúmlega 58 millj. kr.

Skýrsla Orlofssjóðs KTFÍ 2014

Í gildi er samningur milli KTFÍ og OBHM um að félagsmenn KTFÍ geti greitt í OBHM. Greiðslur vegna félagsmanna sem vinna hjá ríki eða borg, nokkrum sveitarfélögum og fyrirtækjum í eigu ríkis eða borgar fara beint til OBHM. Aðrir aðilar greiða í Orlofssjóð KTFÍ sem stendur svo skil á greiðslum til OBHM. Þessar greiðslur voru á árinu 2014 fyrir 534 félagsmenn og komu frá 244 fyrirtækjum.

Rekstrarreikningur Fjölskyldu- og styrktarsjóðs KTFÍ 2014

	2014	2013
<i>Rekstrartekjur</i>		
Iðgjöld	12.044	10.669
<i>Rekstrartekjur alls</i>	12.044	10.669
<i>Rekstrargjöld</i>		
Styrkir	11.792	13.837
Hóplæknisskoðun	1.531	0
Umsýslukostnaður	1.204	1.067
Annar kostnaður	326	344
<i>Rekstrargjöld alls</i>	14.853	15.248
Hagnaður/tap af aðalstarfsemi	-2.809	-4.579
Fjármagnstekjur og fjármagnsgjöld	1.346	2.583
<i>Tekjur umfram (gjöld) á árinu</i>	-1.463	-1.996
Óráðstafað eigið fé	58.264	59.727

Vísinda- og starfsmenntunarsjóður KTFÍ

Skýrsla Vísinda- og starfsmenntunarsjóðs KTFÍ

Vísinda- og starfsmenntunarsjóður KTFÍ byggir á samkomulagi Kjarafélagsins við fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Reykjavíkurborg frá 1989. Það eru starfsmenn ríkisins, Reykjavíkurborgar og þeirra sveitarfélaga sem gert hafa samning við KTFÍ, auk starfsmanna annarra vinnuveitenda sem hafa gerst aðilar að sjóðnum, samtals 265 félagsmenn á árinu 2014.

Stjórn gerði breytingar á reglum sjóðsins árið 2011 og er hámarkstyrkur nú kr. 450.000,- en þau réttindi nást almennt eftir þriggja ára sjóðsaðild. Réttindi vinnast síðan upp aftur eftir úthlutun, eitt hundrað og fimmtíu þúsund kr. á ári. Sú breyting að hafa deildarskiptan sjóð hefur verið dregin til baka eftir að iðgjald var hækkað í kjarasamningum við ríkið árið 2011. Styrkir til tölvukaupa geta mest orðið kr. 200.000,- eða 75% af reikningsupphæð tölvubúnaðar.


Skipting umsókna á milli efnisflokka árið 2014: 60 umsóknir til náms, námskeiða og ráðstefnuferða og 30 umsóknir til kaupa á tölvubúnaði. Samtals voru samþykktar og

greiddar umsóknir 96 sem er sami fjöldi og árið 2013

Stjórn sjóðsins er nú skipuð eftirtöldum tveimur fulltrúum KTFÍ og tveimur fulltrúum vinnuveitenda; Haraldur Sigursteinsson, formaður, KTFÍ, Óli Jón Hertervig, ritari, KTFÍ, Einar Mar Þórðarson, f.h. fjármálaráðherra og Guðjón Örn Helgason f.h. Reykjavíkurborgar.

Fjöldi félaga	
Ríkið	101
Orkuveitan	23
Reykjavíkurborg	20
Önnur sveitarf., stofnanir o.fl.	105
RARIK	16
Samtals aðrir en ríkið	164
Samtals	265

Sjóðfélagar Vísinda- og starfsmenntunarsjóðs KTFÍ



Rekstrarreikningur Vísinda- og starfsmenntunarsjóðs KTFÍ 2014

	2014	2013
<i>Rekstrartekjur</i>		
Iðgjöld	29.080	24.103
Rekstrartekjur alls	29.080	24.103
<i>Rekstrargjöld</i>		
Styrkir	17.076	16.122
Umsýslukostnaður	2.908	2.410
Annar kostnaður	580	543
Rekstrargjöld alls	20.564	19.075
Hagnaður/tap af aðalstarfsemi	8.516	5.028
Fjármagnstekjur og fjármagnsgjöld	2.207	3.414
Tekjur umfram (gjöld) á árinu	10.723	8.442
Óráðstafað eigið fé	103.518	92.794

Viðburðir 2014 – 2015

Fundir og ráðstefnur voru í flestum tilvikum haldnar í samvinnu TFÍ og VFÍ. Félagsmönnum beggja félaga er boðið að taka þátt þó viðburðir séu á vegum annars félagsins. Margir fundir eru sendir út beint og teknir upp. Upptökur eru birtar á vefsvæðum félagsanna.

2. apríl 2014

Góð eftirlaun koma ekki af sjálfu sér

Kynningarfundur Almenna lífeyrissjóðsins, Fyrirlesari: Gunnar Baldvinsson, framkvæmdastjóri.

8. apríl 2014

Námskeið á Austurlandi: Stærðfræði í takt við tímann

Stærðfræðin með tilkomu stærðfræðiforrita og ókeypis kennslupáttá á netinu. Kennari Viðar Ágústsson, eðlisfræðikennari.

10. apríl 2014

Ljóstækni í jarðgöngum - Kísill sem leiðari í hitaraftækjum

Hádegisfundur á vegum STFÍ. Fyrirlesarar: Tveir nýútskrifaðir rafmagnstæknifræðingar, þeir Bjarni Jakob Gunnarsson og Birgir Hrafn Hallgrímsson og kynntu þeir loka- verkefni sín.

8. maí 2014

Hvað er straumlínustjórnun?

Samlokufundur. Fyrirlesari: Viktoría Jensdóttir, iðnaðarverkfræðingur og deildarstjóri um-bóta og öryggis hjá Össuri.

10. maí 2014

Skoðunarferð til Vestmannaeyja

14. maí 2014

Kynningarfundur um kjarasamning við ríkið

19. maí 2014

Konur í stjórnunarstöðum hjá BMW

Kvennanefnd VFÍ í samstarfi við LEAN Ísland og FKA. Fyrirlesari: Hanne Dinkel, VP of Operations hjá BMW.

27. maí 2014

Heilbrigðiskerfið á krossgötum

Hádegisfundur á vegum STFÍ. Fyrirlesari: Smári Kristinsson tækni-fræðingur og framkvæmdastjóri Rafarnarins.

2. júní 2014

Kynningarfundur vegna átaksins: „Skimun á ristilkrabbameini.“

13. ágúst 2014

VerkTækni golfmótið.

Árlegt golfeinvígi verkfræðinga og tækni-fræðinga haldið í sautjanda sinn og fór fram á golfvelli Leynis á Akranesi.

26. ágúst 2014

Kynningarfundur vegna Rýnisferðar.

14. – 19. september 2014

Rýnisferð til Toronto í Kanada.

18. september 2014

Samlokufundur. Hafró og vísindalegur grunnur fiskveiðistjórnunar. Fyrirlesari:

Jóhann Sigurjónsson, forstjóri Hafrannsóknastofnunar.

24. og 26. september 2014

Námskeið fyrir trúnaðarmenn

25. september 2014

Sjálfvirkir kabátar

Samlokufundur á vegum RVFÍ. Fyrirlesarar: Stefán Stefánsson frá RUAUV og Þorsteinn Arinbjarnarson frá Teledyne Gavia

11. október 2014

Haustferð Norðurlandsdeilda

Haustferð Norðurlandsdeilda TFÍ og VFÍ í Skagafjörð. Fyrirtæki á svæðinu heimsótt undir traustri leiðsögn heimamanna.

16. október 2014

Nálavindivél og sáldurrör

Hádegisfundur á vegum STFÍ. Fyrirlesarar: Tveir nýútskrifaðir tækni-fræðingar frá Háskóla Íslands og Keili, þeir Sigurður Örn Hreindal og Karl Guðni Garðarsson.

20. október 2014

Námskeið á Akranesi: Stærðfræði í takt við tímann

Stærðfræðin með tilkomu stærðfræðiforrita og ókeypis kennslupáttá á netinu. Kennari Viðar Ágústsson, eðlisfræðikennari.

21. október 2014

Námskeið á Akureyri: Stærðfræði í takt við tímann

Stærðfræðin með tilkomu stærðfræðiforrita og ókeypis kennslupáttá á netinu. Kennari Viðar Ágústsson, eðlisfræðikennari.

30. október 2014

Gæðastjórnunarkerfi hönnuða og hönnunarstjóra

Samlokufundur. Fyrirlesari: Gunnar H. Guðmundsson, verkfræðingur og framkvæmdastjóri 7.is.

4. nóvember 2014

STEFNUMót íslensks byggingariðnaðar

Málþing. Rýnt í stöðu byggingariðnaðar í kjölfar hrunsins. Viðburðurinn var hluti af fundaröðinni „Samstarf er lykill að árangri“. Samstarfsverkefni með SI, NMÍ og fleirum.

6. nóvember 2014

Flygildi – drónar

Samlokufundur á vegum RVFÍ. Fyrirlesarar: Tryggvi Stefánsson frá Svarma, Ólafur Rögnvaldsson og Richard Yeo sem kynna verkefni á vegum Veðurstofunnar.

7. nóvember 2014

Haustrferð Austurlandsdeilda.

Norðfjarðargöng - Ólíuleit – Hildibrand. Fyrirlesarar: Þórarinn Sveinn Arnarson, verkefnisstjóri olíuleitar hjá Orkustofnun, Birgir Jónsson, jarðverkfræðingur hjá Hnit og Ales Gothard, verkefnisstjóri hjá Metrostav.

12. nóvember 2014

Nýjar og nauðsynlegar tæknilausnir á Landspítala

Samlokufundur. Fyrirlesarar: Aðalsteinn Pálsson og Gísli Georgsson, verkfræðingar á Landspítala.

13. nóvember 2014.

Rafbílavæðing Íslands

Ráðstefna á vegum RVFÍ. Fyrirlesarar úr ýmsum áttum.

14. nóvember 2014

Rafbílavæðing Íslands

Vinnufundur í framhaldi af ráðstefnu.

20. nóvember 2014

Vaxa peningar á trjánum?

Hádegisfundur á vegum STFÍ. Fyrirlesari: Frosti Sigurjónsson þingmaður og frumkvöðull.

27. nóvember 2014

Léttlestakerfi í Óðinsvéum.

Samlokufundur á vegum BVFÍ. Fyrirlesari: Lilja G. Karlsdóttir, samgönguverkfræðingur hjá COWI A/S Danmörku.

3. desember 2014

Heimsókn til Landsnets

Heimsókn á vegum Kvennanefndar VFÍ. Fyrirlesarar: Íris Baldursdóttir, deildarstjóri kerfisstjórnar og markaðar og Unnur Helga Kristjánsdóttir, verkefnastjóri í framkvæmdadeild.

9. desember 2014

Samráðsfundur VFÍ og TFÍ

Á fundinn voru boðaðarstjórnir VFÍ og TFÍ auk stjórnna Kjaradeildar VFÍ, Kjarafélags TFÍ, Stjórnenda og sjálfstætt starfandi í TFÍ (STFÍ) og Deildar stjórnenda og sjálfstætt starfandi í VFÍ (SVFÍ).

11. desember 2014

Reykjavík sem ekki varð

Samlokufundur, bókaýfning. Fyrirlesarar: Anna Dröfn Ágústsdóttir sagnfræðingur og Guðni Valberg arkitekt.

20. janúar 2015

Námskeið í Reykjavík: Stæðfræði í takt við tímann

Stærðfræðin með tilkomu stærðfræðiforrita og ókeypis kennsluþátta á netinu. Kennari Viðar Ágústsson, eðlisfræðikennari.

28. janúar 2015

Vetrarboð Kvennanefndar VFÍ

Konur í VFÍ komu saman til þess að fagna þeim konum sem luku prófi í verkfræði á árinu 2014.

5. febrúar 2015

OCEANA

Samlokufundur. Fyrirlesari: Jón Ágúst Þorsteinsson, verkfræðingur. Í lok fundar var skrifað undir samning um þátttöku TFÍ og VFÍ í OCEANA, öndvegissetri um sjálfbæra nýtingu og verndun hafsins.

12. febrúar 2015

Er kominn tími á launaviðtal?

Morgunverðarfundur á vegum Kvennanefndar VFÍ. Fyrirlesari: Þrúður G. Haraldsdóttir, sviðsstjóri kjaramála.

12. febrúar 2015

geoSilica Iceland ehf.

Hádegisfundur á vegum STFÍ. Fyrirlesari: Fida Abu Libdeh.

12. mars 2015

Aðalfundur Austurlandsdeilda.

16. mars 2014

Heiðursfyrirlestur IEEE

„Electrostatic Discharge Protection Design for Integrated Circuits and Systems An IEEE Circuit and Systems.“ Fyrirlesari: Prófessor Albert Wang, IEEE Fellow Dept of Electrical Engineering, University of California.

20. mars 2015

Aðalfundur Norðurlandsdeilda – Sildarkvöld

23. mars 2015

Aðferðafræði við innkaup á ráðgjöf.

Fundur á vegum Deildar stjórnenda og sjálfstætt starfandi í VFÍ. Fyrirlesarar: Michael Osbourne og Jóhannes Karl Sveinsson.

25. mars 2015


Aðalfundur KTFÍ

26. mars 2015

Aðalfundur TFÍ.

10. apríl 2015

Dagur verkfræðinnar – aðalfundur VFÍ



Tæknifræðingafélag Íslands